



Alþýðusamband Íslands

18. nóvember 2020

Ályktun miðstjórnar ASÍ um skýrslu OECD um samkeppnismat á regluverki á sviðum byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu á Íslandi

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir furðu á þeim tillögum um skerðingar á kjörum og réttindum launafólks sem er að finna í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) um samkeppnismat á regluverki á sviðum byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu á Íslandi. Tillögurnar hljóma sem bergmál frá liðinni öld og eru lítt dulbúin viðleitni til að grafa undan velferðarríkinu í þágu atvinnurekenda og auðmagns.

Miðstjórn ASÍ telur það ámælisvert að íslensk stjórnvöld hafi árið 2019 gert samning við OECD um „framkvæmd á sjálfstæðu samkeppnismati á því regluverki sem gildir á sviðum byggingarstarfsemi og ferðaþjónustu á Íslandi“. Sú ákvörðun að birta tillögur þessar nú þegar alvarlegasta efnahagskreppa í manna minnum ríður yfir með gríðarlegu atvinnuleysi er sem blaut tuska framan í launafólk í landinu. Ekki er ljóst hvort dómgreindarbrestur fremur en óskammfeilni ræður þar för.

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir eindreginni andstöðu við tillögur OECD þess efnis að felld verði niður lögverndun tiltekinna starfsgreina og að hark-hagkerfið verði innleitt á Íslandi á sviði leigubíla- og ferðaþjónustar. Hörmulegar afleiðingar hark-hagkerfisins eru vel þekktar í nágrannaríkjunum þar sem grafið er undan öryggi og þjónustu við neytendur, lækkun kostnaðar við þjónustu er alls ekki í hendi og vinnandi fólk býr við algert öryggisleysi.

Miðstjórn ASÍ leggur áherslu á að hvergi verði vikið frá reglum um lágmarksgæði bygginga og aðgengi fyrir alla. Tillögur OECD á sviði byggingariðnaðar miðast allar við hagsmuni verktaka og óráðlegt er að ganga að því sem vísu að lækkun byggingarkostnaðar komi íslensku launafólki til góða.

Miðstjórn ASÍ varar launafólk og landsmenn alla við tillögum OECD um breytt eignarhald á rekstri Keflavíkurflugvallar. Reynslan kennir að slíkar breytingar eru ekki gerðar í nafni almannahagsmuna enda er markmiðið jafnan að hleypa útvöldum og innmúruðum að almannagæðum í nafni „samkeppnishæfni“ og „hagræðingar“.

Miðstjórn ASÍ áréttar varðstöðu um velferð og réttindi launafólks. Tillögur OECD eru til marks um hversu mjög fjármagnsöflunum er umhugað um að efna til „kapphlaups á botninn“ undir yfirskyni „arðsemi“ og „samkeppnishæfni“ á kostnað launafólks. Telji íslensk stjórnvöld og atvinnurekendur að tillögur OECD endurspegli á einhvern veg afstöðu landsmanna til

atvinnumála í ljósi reynslu af COVID-faraldrinum og þeim erfiðleikum sem honum fylgja eru þeir hinir sömu í furðu litlu sambandi við umhverfi sitt og samtíma. Almennigur á Íslandi gerir sér vitanlega ljóst að efnahagsþrengingar vegna COVID-faraldursins verða ekki linaðar með því að grafa undan afkomuöryggi og réttindum fólks og að þörf er fyrir samstöðu frekar en tillögur sem miða að því að sundra og veikja stoðir velferðar.